



## Ólöf Eir Hoffritz

**MS-ritgerð:** Áhrif sýklalyfjaráðgjafar (antibiotic stewardship) á notkun sýklalyfja barna á Landspítala

**Höfundur:** Ólöf Eir Hoffritz fæddist 12. febrúar 1996 í Reykjavík. Hún ólst upp á Selfossi hjá foreldrum sínum, þeim Karli Ágústi Hoffritz og Sigurbjörgu Björnsdóttur. Hún lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut frá Fjölbrautaskóla Suðurlands um jólin 2015. Um haustið 2016 hóf hún svo nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Ólöf hefur starfað hjá

Lyfju samhliða námi og ætlar að starfa þar áfram í sumar.

**Stuttur útdráttur úr ritgerð:** Markmið rannsóknarinnar var að skoða sýklalyfjanotkun barna á Landspítala frá 2012-2020 og hvaða áhrif sýklalyfjaráðgjöf sem hófst 2017 hafði á þá notkun. Einnig var könnuð ánægja með og áhrif sýklalyfjaráðgjafar meðal lækna og hjúkrunarfræðinga á Barnaspítala Hringsins. Heildarfjöldi innlagna á rannsóknartímabilinu var 16943 og voru gefin sýklalyf í 6965 þeirra. Algengustu sýklalyfin á Vökudeild voru ampisillín og gentamísín og dró marktækt úr notkun þeirra eftir innleiðingu sýklalyfjaráðgjafar. Á Barnadeild/Gjörgæslu var amoxisillín í blöndu með beta-laktamasa hemli algengast ásamt metrónídasóli, seftríaxóni og sefúroxími. Eftir innleiðingu sýklalyfjaráðgjafar dróst heildarnotkun algengra og/eða breiðvirkra sýklalyfja á Barnadeild/Gjörgæslu saman um 10,0% samanborið við 36,6% á Vökudeild. Notkun flestra algengra og/eða breiðvirkra sýklalyfja á Barnadeild/Gjörgæslu jókst eftir ráðgjöf en dróst saman á Vökudeild. Meiri hluti starfsfólks var með jákvætt viðhorf gagnvart sýklalyfjaráðgjöfinni og taldi hana hafa jákvæð áhrif á störf sín, læknaþróun og frekar en hjúkrunarfræðingar.